



31. mars 2022

## Ávarp Gylfa Magnússonar, formanns bankaráðs Seðlabanka Íslands, á 61. ársfundi Seðlabanka Íslands 31. mars 2022.

Hæstvirtur forsætisráðherra, seðlabankastjóri og aðrir tilheyrendur. Ég set hér með sextugasta og fyrsta ársfund Seðlabanka Íslands.

Heimsfaraldurinn reyndi áfram nokkuð á Seðlabankann á liðnu ári þótt það væri með öðrum hætti en árið áður. Í upphafi faraldursins beitti bankinn stjórnækjum sínum með afgerandi hætti til þess að milda áhrif farsóttarinnar á efnahagslífið. Ekki leikur vafi á að þær aðgerðir skiluðu tilætluðum árangri. Á síðasta ári tók efnahagslífið hratt að rétta úr kútnum og Seðlabankinn hóf að vinda ofan af slökunar- aðgerðum fyrra árs og grípa til aðhaldsaðgerða þar sem þess gerðist þörf. Faraldurinn hélt þó áfram að hafa víðtæk áhrif á daglegt starf bankans vegna sóttvarnaaðgerða sem voru í gildi mikinn hluta ársins og gerðu það m.a. að verkum að starfsmenn bankans urðu langtímum saman að vinna heima. Nú hefur það sem betur fer breyst og allir geta nú mætt á starfsstöð sína í bankanum. Þegar loks hillti undir lok faraldursins urðu þau ótíðindi að stríð braust út í Austur-Evrópu. Afleiðingar þess geta orðið víðtækar, bæði efnahagslegar og aðrar, og nauðsynlegt að taka á þeim af yfirvegum og með því að efla viðbúnað á mikilvægum sviðum, svo sem í fjármála- innviðum og netöryggi. Þar mun Seðlabankinn leggja sitt af mörkum.

Nú þegar liðlega tvö ár eru liðin frá sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins er starfsemi hinnar sameinuðu stofnunar komin í nokkuð fastar skorður. Í skýrslu úttektarnefndar um reynsluna af starfi peningastefnunefndar, fjármála- stöðugleikanefndar og fjármálaeftirlitsnefndar sem skilað var til forsætisráðherra seint á síðasta ári sagði að af öllum merkjum að dæma hefði verið gengið rösklega til verks við sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins og það með góðum árangri. Eins og fram hefur komið var ákveðið að starfsemin skyldi öll verða í húsi bankans að Kalkofnsvegi 1. Til þess að svo mætti verða var nauðsynlegt að ráðast í viðamiklar breytingar og endurbætur á húsinu. Þær eru nú langt komnar í meginbyggingunni þar sem flestir starfsmenn verða og undirbúningur er hafinn að framkvæmdum á jarðhæð og í viðbyggingu.

Samkvæmt lögum skal Seðlabankinn stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þrjár nefndir, skipaðar stjórnendum bankans og utanaðkomandi sérfræðingum og embættismönnum, taka ákvarðanir um beitingu stjórnækja og aðrar helstu ákvarðanir. Seðlabankastjóri ber svo ábyrgð á starfsemi bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögum. Ásgeir Jónsson hefur gegnt starfi seðlabankastjóra frá 2019 og varaseðlabankastjórar er hófu störf með nýjum lögum í ársbyrjun 2020 eru

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu, Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits. Skipulag bankans er óbreytt frá sameiningu. Kjarnasvið bankans eru sjö og stoðsviðin fjögur auk miðlægrar skrifstofu bankastjóra. Upplýsingar um starfsemi bankans og afkomu má finna í ársskýrslu fyrir árið 2021 sem birt var í dag.

Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Að öðru leyti sinnir bankaráðið verkefnum sem sérstaklega eru tilgreind í lögnum um bankann.

Á nýliðnu ári var skipan bankaráðs óbreytt frá fyrra ári. Ég sinnti formennsku í ráðinu en aðrir aðalfulltrúar voru Þórunn Guðmundsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Frosti Sigurjónsson, Bolli Héðinsson, Una María Óskarsdóttir og Jacqueline Clare Mallett. Bankaráð hélt 12 fundi á árinu.

Nýtt bankaráð var skipað hinn 24. mars. sl. og átti sinn fyrsta fund hér í dag. Í því sitja auk mín þau Þórunn Guðmundsdóttir, varaformaður, Arnar Bjarnason, Kirstín Þ. Flygenring, Sigríður Andersen, Sigurjón Arnórsson og Þorsteinn Víglundsson og býð ég þau velkomin til starfa.

Samkvæmt rekstrarreikningi var tap af rekstri bankans tæplega 16 milljarðar króna á árinu 2021 en árið áður var hagnaðurinn rúmlega 68 milljarðar króna. Tap af rekstri bankans má að mestu rekja til virðisbreytinga erlendra eigna, vegna gengisveiflna. Rekstrargjöld bankans voru um 7,8 milljarðar króna, um fimm prósentum hærri en árið á undan. Rekstrartekjur á árinu voru tæpir 3,7 milljarðar króna, eða um 9 prósentum hærri en árið áður.

Eignir bankans námu tæplega 964 milljörðum króna í lok ársins, sem er um 121 milljarði hærri fjárhæð en í lok ársins 2020. Eigið fé lækkaði um 17 milljarða króna og var um 134 milljarðar króna í árslok. Eiginfjármarkmið bankans sem bankaráð hefur staðfest er 150 milljarðar króna. Ekki verður greiddur arður í ríkissjóð vegna ársins 2021 vegna taprekstrar og eiginfjárstöðu undir eiginfjármarkmiði.

Í lok árs 2021 voru 294 starfsmenn í Seðlabankanum og hafði þeim fækkað um 9 frá fyrra ári. Kynjahlutfallið hélst áfram nokkuð jafnt og jafnlaunagreining leiddi áfram í ljós að enginn marktækur, óútskýrður launamunur var á milli kynjanna. Því má bæta við að á árinu var hafin í bankanum markviss vinna á sviði sjálfbærni og loftslagsmála og ýmis skref og ákvarðanir teknar í þeim efnum, bankinn hefur m.a. einsett sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni um 40% frá árinu 2019 til ársins 2030. Í þeim tilgangi verða bifreiðar bankans rafmagnsvæddar, flugferðum verður fækkað og endurvinnsla aukin. Þá er ekki aðeins hefðbundið bókhald fært í bankanum – því nú hefur grænu bókhaldi verið bætt við.

Ég þakka starfsmönnum bankans fyrir gott starf og samstarf á árinu 2021. Ég vil jafnframt sérstaklega þakka fulltrúum í bankaráði síðastliðin ár fyrir gott samstarf, einnig varaseðlabankastjórum, ritara bankaráðs og innri endurskoðanda. Þá vil ég færa seðlabankastjóra, Ásgeiri Jónssyni, sérstakar þakkir fyrir samstarfið. Ásgeir

mun hér á eftir flytja ársfundarræðu sína en fyrst skulum við hlýða á ávarp  
Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra.